

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

7852-002-FUN-001-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

30.06.2020 / 12:00

### NR. FUNDAR

01

### VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurrhálandis

### VERKKAUPI

SASS

### FUNDAREFNI

1. Kynning á verkáætlun, markmið og áherslur ásamt forsendum.
2. Afmörkun skipulagssvæðisins.
3. Umhverfisskýrsla – valkostagreining.
4. Fundaáætlun.
5. Önnur mál.

### FUNDARGERÐ

IS / 29.06.2020

### FUNDARBOÐARI

SASS

### FUNDARSTAÐUR

Stracta Hellu

### FUNDARMENN

Bjarni Guðmundsson  
 Helgi Kjartansson, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir  
 Eydís Indriðadóttir  
 Lilja Einarsdóttir, Anton Kári Halldórsson  
 Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjalmarsson  
 Ásta B. Ólafsdóttir  
 Ása Valdís Árnadóttir  
 Halldóra Hjörleifsdóttir  
 Bjarki Guðnason  
 Einar Freyr Elínarson  
 Ari Björn Thorarensen  
 Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir

### FYRIRTÆKI

SASS  
 Bláskógabyggð  
 Flóahreppur  
 Rangárþing eystra  
 Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
 Ásahreppur  
 Grímsnes- og Grafningshreppur  
 Hrunamannahreppur  
 Skaftárhreppur  
 Mýrdalshreppur  
 Árborg  
 Verkfræðistofan EFLA

### FJARVERANDI

### FYRIRTÆKI

### DREIFING

Bjarni Guðmundsson

### FYRIRTÆKI

SASS

### FUNDARSKJÖL

Texti

### NÆSTI FUNDUR

01.09.2020 / 12:00

## 1. Verkáætlun, markmið, áherslur, forsendur

Farið var yfir áhersluatriði í vinnunni, forsendur, mismunandi möguleika á verndarflokkum og gróf kynning á þeim atriðum sem verða borin saman í umhverfisskýrslu.

Kynningin er í viðhengi með fundargerðinni.

Varðandi orkuvinnslu og sölu á losunarheimildum í tengslum við hana þá vilja heimamenn ákveða hvernig slíkar losunarheimildir eru nýttar. Tengist sjálfbærni og framleiðslu á sjálfbærri orku.

Mikilvægt er að svæðisskipulagið sé formlegt og staðfest af sveitarfélögunum og Skipulagsstofnun svo mark sé tekið á því. Svæðisskipulagsnefnd verður starfandi meðan svæðisskipulagið er í gildi. Þegar svæðisskipulag hefur verið staðfest þarf að breyta því rétt eins og aðalskipulagi ef landnotkun er breytt. Það á þó aðeins við um þá landnotkunarflokka sem tilgreindir eru í svæðisskipulagi. Það er samhlíða ferli að breyta svæðisskipulagi og aðalskipulagi, því fylgir samt sem áður einhver aukavinna og kostnaður. Horft verði til þess að efnisflokkar og umfang verði ekki of víðtækt.

Kynntir voru möguleikar á mismunandi vernd svæða skv. lögum um náttúruvernd og skipulagsreglugerð.

## 2. Afmörkun skipulagssvæðisins

Rætt um afmörkun skipulagssvæðisins. Eiga mörkin að fylgja Þjóðlendulínu, tiltekinni hæðarlínu eða einhverju öðru? Sérstaklega var fjallað um nokkur svæði. Þjóðlendulínan fer þvert í gegnum Þingvallarþjóðgarð, - er eðlilegt að þjóðgarðurinn sé allur með? Hvað með land Úthlíðar á það að vera með þó það sé í einkaeigu? Á hálendið sunnan Mýrdalsjökuls að vera með og eins land Núpstaðar?

Hvert sveitarfélag fyrir sig þarf að taka ákvörðun um þessa línu. Æskilegt að það sé gert sem fyrst fyrir framhald vinnunnar.

Sum sveitarfélög geta fylgt Þjóðlendulínunni en önnur valið að afmarka skipulagssvæðið á annan hátt. Hægt er að fara inn fyrir Þjóðlendulínuna ef rök eru fyrir því. Það verður spurt um af hverju þessi mörk voru valin óháð því hver þau verða.

Almennt var talið eðlilegast að nota Þjóðlendulínuna en sýna landnotkun á jaðarsvæðum til skýringar eftir því sem á við, s.s. vegtengingar og miðstöðvar ferðamanna sem tengjast starfsemi á hálendinu. T.d. í Úthlíðarlandi eru fjallaskálar og vegir sem eðlilegt er að sýna í tengslum við landnotkun innan Þjóðlendu. Ef svæðisskipulagið nær yfir einkalönd er reiknað með að hvert sveitarfélag fyrir sig sjái um samskipti við landeigendur.

## 3. Umhverfisskýrsla

Kynntar mismunandi hugmyndir að útfærslu Þjóðgarðs á hálendinu. Þ.e. skv. skýrslu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá því í nóv. 2017.

Umræða og hópavinna var um mismunandi útfærslu verndar á hálendinu, sett fram í 3 sviðsmyndum. Rætt um kosti og galla. Niðurstaða þeirrar vinnu fylgir með sem viðhengi.

#### 4. Fundaáætlun

Kynnt drög að fundaáætlun til áramóta. Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði 1. september og 2. september til vara.

BG boðar fund.

Gæti verið áhugavert að fá fulltrúa Landsnets á fund þar sem fjallað verður um orkuflutningskerfið. E.t.v. einnig Vegagerðina á fund um samgöngur.

#### 5. Önnur mál

Unnið verður með samgöngur og skálasvæði/miðstöðvasvæði á næsta fundi.

Rætt var um að eðlilegt væri að skipulagsfulltrúar sveitarfélaganna tækju þátt í fundum nefndarinnar.

Til að fara af stað með teiknivinnu fyrir svæðisskipulagið vantar aðalskipulagsgrunna (teiknigrunna) frá eftirtöldum sveitarfélögum: Grímsnes- og Grafningshreppi, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi.